

Fundargerð
357. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 19. september 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fjarverandi:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Fundarritun:

Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
 2. Fundargerð síðasta fundar
 3. Drög að dagskrá félagsstjórnar 26. september, *fylgiskjal*
 4. Innleiðing laga um persónuvernd, framvinda og drög að persónuverndarstefnu, *fylgiskjal*
 5. Spurningakönnun vegna ímyndar sjúkraliða, *fylgiskjal*
 6. Vefsíða, þarfagreining og fyrirhuguð uppfærsla síðunnar
 7. Umbun til trúnaðarmanna í desember
- Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar og gerði grein fyrir að Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ væri í fríi og Jóna J. Sveinsdóttir væri fjarverandi vegna vinnufundar hjá BSRB.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Drög að dagskrá Félagsstjórnar 26. september

Farið var yfir dagskránnu og fram kom að búið væri að senda vinnugögn á stjórnarmenn.

4. Innleiðing laga um persónuvernd, framvinda og drög að persónuverndarstefnu

SBF gerði grein fyrir að verið væri að vinna að skipulagi varðandi gögn hjá félaginu, sem féllu undir hin nýju persónuverndarlögin. BSRB hefði útbúið skema þ.s. gögn væru greind og flokkuð og fram kæmi hvar þau væru vistuð og hversu lengi o.s.frv. SBF er komin af stað með uppfærslu og aðlögun skemans að þörfum SLFÍ.

5. Spurningarkönnun

SBF fór yfir drög að spurningum sem unnar voru í samstarfi við almannatengilinn varðandi ímyndarvinnu fyrir félagið ásamt spurningum tengdum heilsufari sjúkraliða og heimasíðu félagsins. Málið rætt og smá breytingar gerðar á framsetningu, allir sammála.

6. Vefsíða, þarfagreining og fyrirhuguð uppfærsla síðunnar

Rætt var um að unnið væri að uppfærslu heimasíðunnar þ.s. byggt verður á þarfagreiningu og m.a. skoðuð heimasíða Framvegis, sem nýlega hefur uppfært heimasíðuna. Einnig verður byggt á spurningakönnuninni þ.s. sjúkraliðar hafa verið spurðir út í hvað þeir skoða helst á síðu SLFÍ. Málið verður unnið áfram á nk. félagsstjórnarfundi.

7. Umbun til trúnaðarmanna SLFÍ

SBF gerði grein fyrir að GÖG hafi kynnt sér hvernig önnur félög eru að umbuna sínum trúnaðarmönnum. Í ljós kom að þau félög sem eru með virkt trúnaðarmannastarf og umbuna sínum trúnaðarmönnum í formi greiðslna fyrir útlögðum kostnaði og samkvæmt samtali við endurskoðanda er það sem félaginu er ráðlagt. Málið rætt og ákveðið að vinna það áfram á nk. félagsstjórnarfundi.

Önnur mál

- **Tilboð og undirbúningur vegna 16. október**

Nokkur umræða var kveðjuhóf Kristínar Á Guðmundsdóttur (KÁG) og var tekin ákvörðun að boða aftur til fundar mánudaginn 24. september kl.15:30 til að taka ákvarðanir varðandi kveðjuhófið.

Fundi slitið kl. 17.15